

ANTON KARL INGASON, EINAR FREYR SIGURÐSSON,
ÞÓRHALLUR EYÞÓRSSON

Veik fornöfn í afturbeygðri þolmynd

1. Inngangur

Rökliður er setningarliður sem lýsir þátttakanda í atburði eða ástandi.¹ Sérnafnið *Jón* lýsir t.d. geranda atburðarins *borða* í (1a) og skynjanda ástandsins *líka* í (1b).²

- (1) a. Jón borðaði forréttinn með bestu lyst.
b. Jóni líkaði jólasteikin.

Rökliðir birtast oft sem nafnliðir en stundum skiljum við setningar þannig að einhver þátttakandi sé til umræðu án þess að hann sé nefndur. Til dæmis er eins og einhver gerandi standi með *borða* í (2a) og skynjandi með *líka* í (2b) án þess að þessir þátttakendur séu nefndir með viðeigandi nafnlið.

- (2) a. Að borða forréttinn kemur manni í gott skap.
b. Að líka jólasteikin er ekki óalgeng upplifun á jóladag.

Stundum er gert ráð fyrir því að a.m.k. sumir ósagðir rökliðir séu nokkurs konar ósögð fornöfn og að þeir skiptist í tvo hópa eftir því hversu mikil áhrif þeir hafa í setningafræðinni. Í enn öðrum tilvikum má svo vera að svona ósagðir merkingarlegir rökliðir séu ekki hluti af setninga-

¹ Við þökkum Julie Anne Legate, Florian Schwarz og Jim Wood fyrir umræður um efni greinarinnar. Einnig þökkum við tveimur nafnlausum ritrynum og Höskuldi Þráns-syni ritstjóra fyrir gagnlegar athugasemdir.

² Þeir dómar um setningar sem birtast í þessari grein byggjast á máli höfunda að því leyti sem fjallað er um mynstur sem ekki hefur verið rætt um í þeim fræðilegu skrifum sem vitnað er til. Tvenns konar málkerfi eru til umfjöllunar: annars vegar er fjallað um málhafa sem hafa afturbeygða þolmynd en ekki nýju ópersónulegu setningagerðina; hins vegar er rætt um málhafa sem hafa báðar þessar setningagerðir í sínu máli. Höfundar skiptast einmitt í þessa tvo hópa málhafa. Þessi tvö málkerfi eru bæði frábrugðin því sem við gætum nefnt hefðbundna íslensku, þ.e. kerfi sem leyfir hvorki afturbeygða þolmynd né nýju þolmyndina. Slík hefðbundin íslenska er ekki meginviðfangsefnið hér.

fræðinni enda séu þá engin setningafræðileg merki um tilvist þeirra. Ofan- greind tvískipting er gjarna greind með tilliti til þeirra málfræðilegu þátta sem viðkomandi rökliðir bera. Í greiningu Landaus (2010) er gert ráð fyrir að ósagðir rökliðir séu alltaf hluti af setningafræðinni en hann skiptir þeim í sterk ósögð fornöfn (SF) og veik ósögð fornöfn (VF). Hann heldur því fram að sterk fornöfn feli í sér bæði persónuþætti og ákveðniþátt en veik fornöfn beri engan ákveðniþátt. Ákveðniþáttur teng- ist setningafræðihömlu ákveðins nafnliðar og vísun í einstaklinga í merk- ingarfræðinni. Með persónuþáttum er hér átt við þættina persónu, tölu og kyn, en til einföldunar vísun við í slíkt þáttaknippi sem [+pers] í þessari grein.

- (3) a. [+pers, +ákv] Sterkt fornafn: SF
 b. [+pers] Veikt fornafn: VF

Ósögð fornöfn eru einingar sem oft er gert ráð fyrir á stöðum eins og þeim sem merktir eru með undirstriki í eftirfarandi dæmum úr ensku. Setningarnar eru túlkaðar eins og einhver nafnliður sé í þessum eyðum þó að ekkert orð sé borið fram þar. Ósagt frumlag í nafnháttarsetningu eins og frumlag sagnarinnar *leave* í (4a) er dæmi um sterkt ósagt fornafn, SF, sem oft er táknað sem FOR (eða PRO á ensku). Ósagt andlag sagnarinnar *eat* í (4b) er aftur á móti veikt, VF.

- (4)a. They expected ___ to leave the room.
 b. John ate ___.

Þessari skiptingu er m.a. ætlað að skýra hvers vegna sum ósögð for- nöfn geta tekið með sér fylgiúmsögn (e. *secondary predicate*)³ en önnur ekki. Sterka fornafnið í (5a) getur þannig tekið með sér fylgiúmsögn- ina *angry* en veika fornafnið í (5b) getur ekki tekið með sér fylgiúms- ögnina *raw*.⁴

³ Það sem við köllum fylgiúmsögn er, eins og kemur fram í meginmáli, þýðing á enska hugtakinu *secondary predicate*. Eiríkur Rögnvaldsson (1984) kallar svona dæmi lýsingar- orðsviðurlög en sú flokkun rúmar fleiri gerðir en bara fylgiúmsagnir. Í dæmi (i) er *gulur* lýsingarorðsviðurlag en hins vegar ekki fylgiúmsögn.

(i) Gulur billinn valt ofan í skurð. (Eiríkur Rögnvaldsson 1984:60)

⁴ Dæmi (4) og (5) eru einungis sett fram hér til skýringar á hugmyndum Landaus (2010) um skiptingu á ósögðum fornöfnum í veik og sterk. Greining Landaus á (4b) og (5b) skiptir þó ekki höfuðmáli fyrir okkur í þessari grein. Þess má geta að ein af þeim for- sendum sem Landau (2010) gefur sér er að ósagðir rökliðir taki sér **alltaf** pláss í setn- ingafræðinni en við erum aftur á móti ekki á þeirri skoðun, eins og sést á greiningu okkar á afturbeygðri þolmynd.

- (5) a. They expected SF to leave the room (angry).
 b. John ate VF (*raw).

Ef fylgiumsagnir fela í sér einhvers konar nánari lýsingu á nafnið sem hefur ákveðniþátt þá skýrir greiningin þennan mun.

Við snúum okkur núna að dæmum í íslensku til að glöggva okkur betur á mismunandi gerðum ósagðra rökliða, nánar tiltekið í nafnháttarsetningum, hefðbundinni þolmynd og nýju þolmyndinni. Í nafnháttarsetningum líkt og í (6) er frumlagið SF (eða FOR) eins og sést t.d. á því að notkun fylgiumsagnar, eins og *nakinn* í (6), er möguleg.

- (6) [Að SF borða morgunmat nakinn] er gamall draumur.

Í hefðbundinni þolmynd, eins og í (7), er þetta ekki mögulegt en það sýnir að ósagður rökliður hennar er ekki SF.

- (7) *Morgunmatur var borðaður nakinn.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)

Halldór Ármann Sigurðsson (2011) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) halda því fram að fylgiumsagnir séu ótækar með ósögðum röklið nýju þolmyndarinnar, eins og sýnt er í (8).

- (8) a. *Það er alltaf borðað morgunmat nakinn.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)

- b. Var barið hana (*fullur)?

(Halldór Ármann Sigurðsson 2011:157)

Þótt þeir Halldór og Jóhannes telji báðir að ósagði rökliðurinn geti ekki verið FOR eru greiningar þeirra samt ólíkar. Jóhannes telur þetta sýna að ósagður rökliður nýju þolmyndarinnar sé eins og í hefðbundinni þolmynd. Halldór heldur því aftur á móti fram að rökliðurinn sé setningafræðilegur og hafi persónuþætti; það útskýri t.d. að andlagið geti fengið þolfall. Okkar greining, sem verður rædd hér á eftir, er um margt svipuð hugmyndum Halldórs þar sem við gerum ráð fyrir VF í frumlagssæti sagnliðarins í nýju þolmyndinni. Við teljum að ósagði rökliðurinn í dæminu í (6) sé SF, í hefðbundnu þolmyndinni (7) sé hvorki setningafræðilegt SF né VF og í nýju þolmyndinni (8) sé VF.

Þó að kenning Landaus um veik og sterk fornöfn fjalli aðeins um ósagða liði er ekkert sem útilokar að sams konar aðgreiningu sé að finna meðal fornafna sem borin eru fram. Hefðbundin fornöfn eru þá að jafn-

aði sterk en þessi grein færir rök fyrir þeirri tilgátu að hægt sé að bera fram veik fornöfn og fornöfn í afturbeygðri þolmynd í íslensku séu af því tagi. Almenn tilgáta greinarinnar er því sú sem haldið er fram í (9) og það sértílik sem er til athugunar er (10).

(9) **Almenn tilgáta**

Fornöfn sem eru borin fram geta verið VF í skilningi Landaus 2010.

(10) **Tilgáta um íslensku**

Fornafnið í afturbeygðri þolmynd í íslensku er VF.

Setning eins og (11) er dæmi um afturbeygða þolmynd.⁵ Margir íslenskir málhafar telja svona setningar vera tækar (sjá umræðu hjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling 2001a, Hlíf Árnadóttur o.fl. 2011, Höskuldi Þráins-syni o.fl. 2015). Þessi setningagerð einkennist af því að eini rökliðurinn er einfalda afturbeygða fornafrnið *sig* og þetta fornafrn krefst ekki setningafræðilegs undanfara. Út frá tilgátu okkar munum við þess vegna færa rök fyrir því að *sig* í (11) sé veikt fornafrn í skilningi Landaus.

(11) Svo var drifið **sig** á ball.

Þó að við einblínum einkum á afturbeygða þolmynd á það sama einnig við um *sig* í samsvarandi germyndarsetningu, eins og (12a) þar sem *drífa sig* er notað í sömu merkingu og í (11); þar er *sig* einnig VF. Þegar veika fornafrnið hefur undanfara samræmist það honum í persónu og tölu, sbr. (12b–c).

- (12) a. Jón dreif **sig** á ball.
 b. Ég dreif mig á ball.
 c. Þið drifuð **ykkur** á ball.

Almenna tilgátan í (9) er áhugaverð fyrir þær sakir að hún spáir því að sama aðgreining milli veikra og sterkra fornafrna birtist bæði í ósögðum fornöfnum og í þeim sem eru borin fram. Slík greining er gagnleg að því

⁵ Nafnlaus yfirlesari spyr hvort sú setningagerð sem við nefnum afturbeygða þolmynd sé örugglega þolmynd. Slíkt fer einfaldlega eftir því hvernig þolmynd er skilgreind og sú skilgreining sem er valin, hver svo sem hún er, er ekki mikilvæg fyrir þessa grein. Afturbeygð þolmynd hefur tiltekna eiginleika sem minna á hefðbundna þolmynd, s.s. hjálpar-sögnina *vera* og aðalsögn í lýsingarhætti, og þess vegna þykir okkur eðlilegt að nefna hana þessu nafni. Hefðbundin þolmynd, afturbeygð þolmynd og ný þolmynd eru þrjár ólíkar setningagerðir sem koma við sögu í greininni og þær heita svipuðum nöfnum vegna þess að þeim svipar hverri til annarrar að sumu leyti.

marki sem kerfisbundnir eiginleikar veikra ósagðra fornafna komi einnig reglulega fyrir meðal fornafna eins og *síg* í afturbeygðri þolmynd í íslensku.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um mismunandi innri gerð fornafna, sagðra sem ósagðra, og hér verður minnst á nokkrar þeirra. Kayne (1975) skiptir fornöfnum í frönsku í sterk fornöfn og hengla, á grundvelli ólíkra setningafræðilegra eiginleika. Cardinaletti og Starke (1996) bæta við þriðja flokknum, veikum fornöfnum. Hengla og veik fornöfn kalla þau ófullburða (e. *deficient*), sem gefur til kynna að þessar tvær gerðir fornafna skorti einhvern eiginleika í samanburði við sterk, fullburða fornöfn. Þau Cardinaletti og Starke (1996:59–60) greina afturbeygð fornöfn sagna sem hafa skyldubundna afturbeygingu í þýsku sem veik en afturbeygð fornöfn annarra sagna virðast hins vegar vera sterk. Déchaine og Wiltschko (2002) skipta persónufornöfnum í þrennt, ákveðniliði, persónuþáttaliði og nafnliði. Samkvæmt þeirri skiptingu hafa ákveðniliðir ríkulegri setningagerð en hinar fornafnsgerðirnar og persónuþáttaliðir hafa ríkulegri formgerð en nafnliðir. Afturbeygðum fornöfnum skipta þær Déchaine og Wiltschko (2012) í enn fleiri flokka, fimm talsins, út frá setningafræðilegri stöðu og gerð.⁶

Markmið þessarar greinar er að prófa tilgátuna í (10) um að fornafnið í afturbeygðri þolmynd í íslensku sé VF í skilningi Landaus. Greinin er skipulögð sem hér segir. Í 2. kafla kynnum við eiginleika afturbeygðrar þolmyndar. Í 3. kafla færur við rök fyrir því að *síg* sé veikt fornafn í afturbeygðri þolmynd. Í 4. kafla setjum við fram setningafræðilega greiningu á afturbeygðri þolmynd og greinin endar á niðurlagi í 5. kafla.

2. Afturbeygð þolmynd

Nokkur dæmi um afturbeygða þolmynd eru sýnd í (13). Í þessum kafla kynnum við ýmis einkenni þessarar setningagerðar sem aðgreina hana frá öðrum setningagerðum.

⁶ Þótt sumar af fornafnsgerðum Déchaine og Wiltschko (2002, 2012) og veik fornöfn Cardinaletti og Starke (1996) séu um sumt svipuð veikum ósögðum fornöfnum Landaus er ýmislegt sem skilur þar að en við förum ekki nánar út í það hér. Þá minnir ritstjóri okkur á að eitt meginmarkmið bindikenningar Chomskys (1981) var að setja fram flokkun á nafnliðum sem átti bæði að ná til sagðra og ósagðra liða. Sjá Höskuld Práinsson (1991) og Eirík Rögnvaldsson (1990).

- (13) a. Svo var drifið sig á ball.
 b. Það var montað sig á ballinu.
 c. Þá var flýtt sér á ball.
 d. Það var fengið sér öllara á ballinu.

Afturbeygð þolmynd er með einfalt afturbeygt fornafn *sig* en ekki samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig*. Þetta fornafn hefur engan undanfara í afturbeygðri þolmynd. Afturbeygð þolmynd er enn fremur tengd ákveðnum sögnum sem hafa dæmigerða afturbeygða merkingu.

Sögnum í íslensku er stundum skipt í þrjá flokka eftir því hvernig þær hegða sér með tilliti til afturbeygingar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Hyams 1992:366–368; sjá einnig Höskuld Þráinsson 2005:70–72); dæmi um þessa flokka eru sýnd í (14) og verða eiginleikar þeirra nú raktir.⁷

- (14) a. Jón montaði *sig*/**sjálfan sig*. (SA-sagnir)
 b. Jón rakaði *sig/sjálfan sig* fyrir ballið. (raka-sagnir)
 c. Jón gaf **sér/sjálfum sér* gjöf á aðfangadag. (gefa-sagnir)

Í fyrsta flokknum eru sagnir með skyldubundna afturbeygingu eins og *monta sig* (SA-sagnir; e. *inherently reflexive verbs*) og þær taka alltaf með sér einfalda afturbeygða fornafnið í vanalegri merkingu sinni (þ.e. *sig/sér/sín* í þriðju persónu en vitaskuld fornöfn fyrstu og annarrar persónu þar sem þau eiga við). Annar flokkurinn er sagnir sem taka ýmist með sér einfalda afturbeygða fornafnið *sig* eða samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig* eins og sögnin *raka*. Þessi flokkur er nefndur *raka*-sagnir hjá Sigríði Sigurjónsdóttur (1992:70). Þótt afturbeyging sé eðlileg með þessum sögnum (sbr. enska heitið *naturally reflexive verbs*) geta þær einnig tekið með sér nafnliði sem eru ekki samvísandi við frumlagið. Enn aðrar sagnir eins og *gefa* krefjast þess að afturbeygða fornafnið *sjálfan sig* sé notað ef undanfari fornafnins er frumlag sömu sagnar þó að einfalda fornafnið sé raunar tækt með svokallaðri langdrægri afturbeygingu.⁸ Sigríður Sigurjónsdóttir (1992:70; sjá líka umfjöllun hjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005:652) nefnir þennan flokk *gefa*-sagnir. Hér liggur oftast beinast við að andlag

⁷ Með *raka*-sögnum er alla jafna eðlilegast að nota einfalda afturbeygða fornafnið. Það er hins vegar mögulegt að nota samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig*, sbr. (14b), en oftast er gert ráð fyrir að það sé þá í umhverfi sem krefjist sérstakrar áherslu, svo sem andstæðuáherslu (Höskuldur Þráinsson 1994:170, 2005:533, 2007:464–465). Við förum ekki nánar út í það hér.

⁸ Þegar við ræðum um langdræga afturbeygingu í þessari grein er átt við hefðbundna lýsingu á því fyrirbæri í skrifum um íslenska setningafræði (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 2005:520–534).

sagnarinnar sé ekki samvísandi við frumlagið (sbr. enska heitið *naturally disjoint verbs*). Sem dæmi má nefna (14c) hér fyrir ofan; fólk gefur yfirleitt öðrum en sjálfu sér gjafir. Sem dæmi um aðrar sagnir í þessum flokki má nefna *elska* og *hata*.

Við förum að dæmi Sigríðar þegar við tölum um þrjá sagnflokka en í raun má líta svo á að sú skipting sé afleiðing af undirliggjandi tvískiptingu í sagnir sem ýmist hafa náð samband við afturbeygða merkingu eða ekki. SA-sagnir eru þá [+afturbeygðar] og *gefa*-sagnir [-afturbeygðar] en *raka*-sagnir geta ýmist verið [+afturbeygðar] eða [-afturbeygðar] eftir því hvað setningin merkir. Þessu er stundum lýst þannig að *raka*-sagnir séu tví-ræðar í orðasafni (Everaert 1986, 1991; Reinhart og Reuland 1993:666).

Þessir þrjú flokkar tengjast afturbeygðri þolmynd þannig að setningagerðina má nota með SA-sögnum og *raka*-sögnum en ekki *gefa*-sögnum. Þetta mynstur er sýnt hér fyrir neðan en (15c) er ótæk setning í afturbeygðri þolmynd þó að hún sé að vísu möguleg með samsettu afturbeygðu fornaefni í nýju þolmyndinni⁹ sem sumir málhafar hafa, einkum yngri kynslóðir (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling 2001a,b, Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 2002, Höskuld Þránínsson o.fl. 2015).¹⁰

⁹ Við visum í þessa setningagerð sem nýju þolmyndina en hún hefur einnig verið nefnd nýja setningagerðin (Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a). Hún er þó líklega einna best þekkt sem nýja þolmyndin, a.m.k. frá því að Helgi Skúli Kjartansson (1991) skrifaði um nýstárlega þolmynd í barnamáli (og vísaði til hennar sem nýju þolmyndarinnar). Einnig hefur hún verið kölluð nýja ópersónulega setningagerðin (Maling og Sigríður 2002), nýja ópersónulega þolmyndin (e. *New Impersonal Passive*; Anton Karl Ingason, Legate og Yang 2012) og verknaðarþolmynd (e. *Actional Passive*; Jóhanna Barðdal 2015). Heiti setningagerðarinnar sem slíkt er aukaatriði.

¹⁰ Nýja þolmyndin hefur komið mikið við sögu í fræðilegri umræðu, sbr. t.d. Helgi Bernóússon (1982), Halldór Ármann Sigurðsson (1989, 2011), Helgi Skúli Kjartansson (1991), Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (1997, 2002, 2012, 2013, 2015), Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a,b), Maling (2006, 2010), Maling, Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir (2011), Ingunn Hreinberg Indriðadóttir (2014), Sigríður Sigurjónsdóttir og Iris Nowenstein (2015), Sigríður Sigurjónsdóttir (væntanlegt), Margrét Guðmundsdóttir (2002), Jóhanna Barðdal og Molnár (2003), Jóhanna Barðdal (2015), Höskuldur Þránínsson (2007, 2015), Höskuldur Þránínsson o.fl. (2015), Kristín M. Valgarðsdóttir (2007), Ásbjörg Benediktsdóttir (2008), Þórhallur Eypórsson (2008a,b, 2012), Jóhannes Gísli Jónsson (2009), Auður Sif Sigurgeirsdóttir (2009), Hlíf Árnadóttir (2008), Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson (2008, 2012), Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson (2011), Einar Freyr Sigurðsson (2010, 2012), Einar Freyr Sigurðsson og Brynhildur Stefánsdóttir (2014), Iðunn Garðarsdóttir (2012), Schäfer (2012), Anton Karl Ingason, Legate og Yang (2012, 2013), Legate (2014), Whelpton, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson (2013).

- (15) a. Svo var drifið sig á ball.
 b. Svo var rakað sig.
 c. *Svo var gefið sér gjöf.

Samband afturbeygðrar þolmyndar og nýju þolmyndarinnar er áhugavert vegna þess að þessar tvær setningagerðir líkjast og að einhverju marki eru þær samþykktar af sömu málhöfum. Þannig virðast málfarar sem telja nýju þolmyndina tæka einnig telja afturbeygða þolmynd tæka en hið gagnstæða á ekki við, þ.e. þeir sem samþykkja afturbeygða þolmynd telja nýju þolmyndina ekki endilega tæka í sínu máli (t.d. Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011). Nýja þolmyndin á það sameiginlegt með afturbeygðri þolmynd að taka einn röklið sem lítur út fyrir að vera andlag þó að ekkert frumlag sé í setningunni en í nýju þolmyndinni þarf þetta andlag ekki að vera afturbeygt fornafn heldur getur verið hvers konar nafnlíður. Þessi einkenni nýrrar þolmyndar eru sýnd í (16).

- (16) a. Það var rakað mig.
 b. Það var rakað manninn.

Hér ber að athuga að *rakað mig* í (16a) getur ekki haft afturbeygða merkingu, þ.e. merking hennar er ekki 'Ég rakaði mig' heldur 'Einhver (annar en ég) rakaði mig'. Í afturbeygðri þolmynd er ekki hægt að nota fornafn 1. og 2. persónu heldur er alltaf um að ræða afturbeygt fornafn 3. persónu. Báðar setningarnar í (16) eru einungis tækar í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina en þess má geta að fornafnið *mig* í (16a) er sterkt en ekki veikt; *mig* væri hins vegar VF í afturbeygðri notkun í setningum á borð við *Ég rakaði mig* og *Ég dreif mig á ball*.

Við ætlum ekki að setja fram ítarlega setningafræðilega greiningu hér á muninum á þessum tveimur setningagerðum. Við gerum þó ráð fyrir að málfarar sem leyfa afturbeygða þolmynd geti notað veikt fornafn án undanfara í krafti þess að hjá þeim geti þættir VF fengið sjálfgefna persónu og tölu í slíkri formgerð, þ.e. 3.p.et. Þessi möguleiki á sjálfgefnum þáttum VF greinir þá á milli hefðbundinnar íslensku (án afturbeygðrar þolmyndar og nýrrar þolmyndar) og íslensku sem leyfir afturbeygða þolmynd. Þeir sem hafa einnig nýju þolmyndina leyfa þar að auki veikt ósagt fornafn í frumlagssæti sem leiðir til þolmyndarlegra eiginleika án þess þó að andlag germyndarinnar færast í frumlagsæti, sbr. umræðu í 4. kafla hér að neðan.

Auk þess að vera mynduð af SA-sögnum og *raka*-sögnum einkennist afturbeygð þolmynd af einfalda afturbeygða fornafninu *sig*. Í máli þeirra

sem hafa afturbeygða þolmynd en ekki nýju þolmyndina er (17a) því tæk setning en (17b) ótæk.

- (17) a. Svo var drifið sig á ball.
b. *Svo var drifið sjálfan sig á ball.

Grunnmerking sagnarinnar að *drífa sig* hefur aðeins einn þátttakanda sem drífur sig og þetta er merkingin sem fæst í afturbeygðri þolmynd í (17a). Fyrir þá sem geta sagt (17b) með nýju þolmyndinni er setningin einnig ótæk í þessari afturbeygðu merkingu en hún gengur fyrir viðkomandi málhafa ef sögnin hefur aðra merkingu sem hefur tvo þátttakendur og er greinilegri í germyndarsetningum eins og eftirfarandi.

- (18) Kennarinn dreif nemendurna um borð í skólabilinn.

Til að skýra betur þennan merkingarmun á tveimur afbrigðum sagnarinnar *drífa sig/einhvern* getur verið gagnlegt að setja upp skema með merkingarhlutverkum. Merkingin sem er tæk í afturbeygðri þolmynd er (19a) þar sem gerandi og *sig* verða að vera samvísandi en sú merking sem krefst germyndar eða nýju þolmyndarinnar er (19b). Í setningu með samsetta afturbeygða fornafninu *sjálfan sig* eins og (17b) er bæði gerandi og þema í setningunni en það vill aðeins svo til að það er sami einstaklingurinn. Svo þarf þó ekki að vera eins og germyndin í (18) gefur til kynna.

- (19) a. GERANDI_i dreif sig_{i/*j} um borð í skólabilinn.
b. GERANDI_i dreif ÞEMA_{i/j} um borð í skólabilinn.

Líkindi milli afturbeygðrar þolmyndar og nýju þolmyndarinnar og sú staðreynd að sumar sagnir hafa ýmist merkingu skyldubundinnar afturbeygingar eða merkingu sem felur í sér bæði geranda og þema veldur því að sumar setningar eru tvíræðar á yfirborðinu milli þess að vera afturbeygð þolmynd eða nýja þolmyndin. Hér er mikilvægt að hafa það hugfast að við höldum því ekki fram að afturbeygða fornafnið *sig* sé alltaf VF. Skoðum til dæmis eftirfarandi setningu.

- (20) Jón segir að það hafi verið rakað sig.

Fyrir málhafa sem hafa afturbeygða þolmynd í máli sínu getur þessi setning tjáð þá merkingu að einhver eða einhverjir, nefnum þá *x*, hafi rakað sig (en ekki einhvern annan), þ.e. einstaklinga *x*. Hér er *sig* VF. Fyrir þá málhafa sem að auki hafa nýju þolmyndina getur þessi setning einnig merkt að einhver (annar en Jón) hafi rakað Jón. Þá er *sig* SF. Þessi merk-

ing verður skýrari ef við bætum við einhverju eins og *gegn vilja sínum* sem gefur til kynna að gerandinn og þolandinn séu ekki sami einstaklingurinn.

Einfalda afturbeygða fornafníð *sig* er einnig SF en ekki VF í setningum með afbrigðilegri fallmörkun (e. *exceptional case marking, ECM*) (sjá svipuð dæmi hjá Hlíf Árnadóttur o.fl. 2011:78–79).¹¹

(21) Jón telur sig/*sjálfan sig vera skemmtilegan.

Í þessu dæmi er einungis tækt að nota *sig* en ekki *sjálfan sig*.¹² Hér getum við sagt að um langdræga afturbeygingu sé að ræða í einhverjum skilningi, sbr. umræðu um (20) að ofan, þar sem undanfarinn *Jón* er ekki í sömu setningu (klausu) og afturbeygða fornafníð er upprunnið í. Það er, *Jón* er frumlag aðalsetningarinnar en *sig* er upprunnið í undirskipuðu setningunni *sig vera skemmtilegan* þó að hugsanlega færist það upp í aðalsetninguna.

Í þessu samhengi má svo nefna eina setningagerð til viðbótar þar sem *sig* hefur einkenni SF. Það er svokölluð gerviafturbeyging (e. *fake reflexive*; t.d. Simpson 1983, Levin og Rappaport Hovav 1995, Whelpton 2011, Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011):

(22) Jón hló sig/*sjálfan sig máttlausan.

Eins og í afbrigðilegri fallmörkun er ótækt að nota *sjálfan sig* hér. Hér stendur útkomuumsögn (e. *resultative predicate*) með afturbeygða fornafn-

¹¹ Afbrigðileg fallmörkun er það kallað þegar frumlag aukasetningar fær fall frá sögn móðursetningar.

(i)a. Álfurinn hefur stolið ostinum.

b. Ég tel [álfinn hafa stolið ostinum]. (Höskuldur Þráinsson 2007:149)

Frumlag setningarinnar í (i-a), *álfurinn*, er í nefnifalli. Í (i-b) er setningin undirskipuð annarri setningu þar sem aðalsögnin er *telja*. Hér fær frumlag aukasetningarinnar fall frá *telja* en fallmörkun í aukasetningum er oftast óháð fallúthlutun sagnar í móðursetningu, sbr. dæmin í (ii).

(ii)a. Ég tel [að álfurinn hafi stolið ostinum].

b. Ég held [þú getir þetta].

Sjá umræðu um afbrigðilega fallmörkun hjá t.d. Höskuldi Þráinssyni (2005:425–428, 2007:149) og Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989:83 o.áfr.).

¹² Hugsanlegt er að umhverfi sem kallaði fram andstæður (sbr. umræðu um andstæðuáherslu í nmgr. 7) myndi gera notkun samsætta afturbeygða fornafnins *sjálfan sig* mögulega en það myndi þá minna á notkun þess með *raka*-sögnum. Í þessu samhengi leggur ritstjóri til dæmið í (i):

(i) Jón telur sjálfan sig skemmtilegan en bróður sinn ekki.

inu *sig*, þ.e. *máttlausan*, en merking setningarinnar er að Jón hafi hlegið þannig að hann varð máttlaus, þ.e. útkoman eða niðurstaðan af því að hann hló er sú að hann varð máttlaus — merkingin er ekki sú að hann hafi verið máttlaus þegar hann hló (sjá Whelpton 2012).

Sögnin *hlæja* er áhrifslaus — nánar tiltekið óergatíf — sögn¹³ og getur því almennt ekki tekið andlag, þ.m.t. afturbeygt fornafn. Þess vegna er setningin í (23) ótæk.

(23) *Jón hló sig.

Engu að síður er setningin í (22) tæk, en þar tekur sögnin *hlæja* með sér andlag sem samanstendur af afturbeygðu fornafni og útkomuumsögn. Í (22) er talað um gerviafturbeygingu þar eð afturbeyging með sögnum á borð við *hlæja* er almennt ekki möguleg án útkomuumsagnar.

Þegar sagt er að *sig* sé SF í afbrigðilegri fallmörkun og gerviafturbeygingu er rétt að hafa í huga að einungis þeir sem hafa nýju þolmyndina í máli sínu ættu að geta myndað „þolmynd“ af þessum setningagerðum; tekið skal fram að þetta atriði þarfnast frekari athugana:

(24)a. Það var talið sig vera skemmtilegan.

b. Það var hlegið sig máttlausan.

Að auki má nefna að lýsingarorð (fylgiúmsagnir og útkomuumsagnir) geta aðeins staðið með SF en ekki VF, en um það er fjallað í næsta kafla. Við sjáum einmitt í dæmunum hér að ofan að fylgiúmsagnir og útkomuumsagnir geta staðið með *sig* í langdrægri afturbeygingu, afbrigðilegri fallmörkun og gerviafturbeygingu. Hafa ber í huga að markmiðið hér er ekki að setja fram greiningu á þessum þremur setningagerðum heldur einungis á afturbeygðri þolmynd.

Enn fremur skal tekið fram að við greinum hér ekki heldur afturbeygða þolmynd tveggja andlaga sagna (sbr. dæmi (13d) að ofan).

(25)a. Það var fengið sér öllara.

b. Það var keypt sér pizzu. (Þórhallur Eyþórsson 2008a:187)

¹³ Áhrifslausum sögnum er oft skipt í tvo flokka, óergatífar sagnir (e. *unergatives*) og óakkúsatífar sagnir (e. *unaccusatives*; stundum kallaðar þolfallsleysingjar). Samkvæmt þekktri tilgátu um eðli óakkúsatífra sagna (e. *the Unaccusativity Hypothesis*; Perlmutter 1978) eru þær ólíkar óergatífum sögnum hvað varðar stöðu rökliðarins sem þær taka. Rökliður óergatífra sagna væri þá grunnmyndaður í frumlagssæti sagnliðarins, rétt eins og frumlag áhrifssagna, en rökliður óakkúsatífra sagna í andlagssæti.

Þessi setningagerð er mjög athyglisverð, eins og Þórhallur Eypórssón (2008a) benti fyrstur á (sjá einnig Hlíf Árnadóttur 2008, Einar Frey Sigurðsson o.fl. 2010, Hlíf Árnadóttur o.fl. 2011, Schäfer 2012). Í fljótu bragði mætti ætla að um væri að ræða nýju þolmyndina enda fær beina andlagið í dæminu hér að ofan þolfall. Hins vegar nota hana ýmsir málhafar sem samþykkja ekki nýju þolmyndina (Þórhallur Eypórssón 2008a,b, Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011; sjá einnig tölfraðilegt yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2015). Æskilegt væri að setja fram greiningu sem fangar þessa staðreynd en það verður ekki gert hér.

Samkvæmt þeirri greiningu sem sett er fram í þessari grein er afturbeygða fornafrnið *sig* veikt í afturbeygðri þolmynd en sterkt í nýju þolmyndinni. Þar sem formið eitt og sér dugir ekki til að greina á milli veikra (VF) og sterkra (SF) fornafrna er nauðsynlegt að skoða ýmsar aukaverkanir aðgreiningarinnar til að færa rök fyrir því að munurinn á þeim sé raunverulegur í íslensku.

3. Veika fornafrnið *sig* í afturbeygðri þolmynd

Samkvæmt greiningu Landaus (2010) bera VF persónuþætti en SF bera þar að auki ákveðniþátt, eins og fram kemur í (3) að ofan. Landau gengur út frá því að fylgiúmsagnir séu einungis mögulegar með liðum sem hafa ákveðniþátt. Þess vegna geta fylgiúmsagnir staðið með SF, sem hafa ákveðniþátt, en ekki VF. Fylgiúmsagnir eru lýsingarorðsliðir sem lýsa nánar því ástandi sem einhver rökliður er í, eins og *gláður* í dæmi (26).

(26) Hann_i drakk mjólkina gláður_i.

Í afturbeygðri þolmynd sjást þessi áhrif verka með SA-sögninni *monta sig* en fornafrnið *sig* leyfir ekki fylgiúmsagnir í dæmum eins og (27).¹⁴

¹⁴ Hér má einnig geta þess að í afturbeygðri þolmynd með tveimur andlögum, sbr. (i-b), getur óbeina, afturbeygða andlagið ekki heldur tekið með sér fylgiúmsögn. Það bendir til að um sé að ræða VF, sjá dæmi (i). Slaufusvigar í (i)–(iii) merkja að ekki skiptir máli í hvorri stöðunni fylgiúmsögnin er.

(i)a. Jón gaf sér {*fullum} þessa forsendu {*fullum}.

b. Það var gefið sér {*fullum} þessa forsendu {*fullum}.

Í orðasambandinu *gefa sér forsendu* má segja að *sér* sé skyldubundið afturbeygt fornafrn þar sem ekki er hægt að gefa einhverjum öðrum forsendu. Hér er ótækt að nota samsetta afturbeygða fornafrnið, **Jón gaf sjálfum sér þessa forsendu* (sjá umræðu um þetta orðasamband hjá

(27) Það var montað sig_i (*glaður_i/*glaðan_i).

Dæmið sýnir að engu máli skiptir hvort fylgiumsögnin er í nefnifalli eða þolfalli; hún getur ekki lýst nánar ástandi þess sem montaði sig.¹⁵ Ef fylgiumsagnir krefjast þess að rökliðurinn sem þær lýsa beri ákveðniþátt og sig er ekki með slíkan þátt þá eru þessi gögn í samræmi við þá tilgátu að sig sé veikt fornafn í afturbeygðri þolmynd.

Næstu rök lúta að því að ekki er hægt að nota sig í samtengdum nafnliðum í afturbeygðri þolmynd. Dæmin í (28) sýna að ekki er hægt að nota og Jón til að tengja við sig í þessari setningagerð.

(28)a. Svo var rakað sig (*og Jón).

b. Svo var drifið sig (*og Jón) á ball.

Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011). Hér hegðar gefa sér sem sagt ekki eins og gefa-sögn og þá er afturbeygða fornafnið VF.

Í hefðbundinni notkun gefa er sögnin ekki skyldubundið afturbeygð eins og komið hefur fram. Í (ii)–(iii) sýnum við dæmi þar sem samhengið er fótbolti en gefa e-m tækifæri merkir hér að þjálfari fótballtalíðs lætur tiltekinn leikmann leika með liðinu, en sá leikmaður hefur e.t.v. ekki fengið mörg tækifæri til þess. Bæði í (ii) og (iii) er fylgiumsögn njótandans tæk. Í (ii) eru gerandinn (þjálfarinn Ólafur) og njótandinn (leikmaðurinn Heimir) ekki samvisandi. Í (iii) er það hins vegar tilfellið en þar er Heimir „spilandi þjálfari“ liðsins, þ.e. bæði leikmaður og þjálfari þess, og þá verður að nota samsetta afturbeygða fornafnið. Í (iii) gefur þjálfarinn Heimir leikmanninum Heimi tækifæri þrátt fyrir að hann sé meiddur. Það hefur oftast lítil áhrif á störf þjálfara að hann sé meiddur en hið sama gildir ekki um leikmenn. Þess vegna er eðlilegra að nota fylgiumsögnina í (iii) í þágufalli — leikmaðurinn var meiddur og það gæti haft áhrif á það hversu vel hann spilar. Það er málinu óviðkomandi að þjálfarinn hafi verið meiddur þegar hann tók ákvörðunina.

(ii) a. Ólafur gaf Heimi {meiddum} tækifæri {meiddum}.

b. Það var gefið Heimi {meiddum} tækifæri {meiddum}.

(iii) a. Heimir gaf sjálfum sér {meiddum} tækifæri {meiddum}.

b. Það var gefið sjálfum sér {meiddum} tækifæri {meiddum}.

Þar sem fylgiumsögn sjálfum sér í (iii) er tæk bendir það til þess að sjálfum sér sé SF. Það skal athugað að einungis þeir sem hafa nýju þolmyndina í sínu máli ættu að geta sagt (ii-b) og (iii-b).

¹⁵ Ritryrnir segist sammála dómi okkar um (27). Hann telur hins vegar eftirfarandi dæmi skárri (dómurinn er hans):

(i) ?*Það var montað sig ringlaðan af belgíngi / ölvaðan af gleði.

Við erum sammála þessu en einungis ef ringlaðan af belgíngi / ölvaðan af gleði er útkomuumsögn, sjá umræðu um dæmi á borð við Jón bló sig máttlausan í 2. kafla, en ekki fylgiumsögn. Merkingin er þá að einhver hafi montað sig svo mikið að hann varð ringlaður af belgíngi eða ölvður af gleði (útkomuumsögn) en ekki að einhver hafi montað sig þegar hann var ringlaður af belgíngi eða ölvður af gleði (fylgiumsögn). Það er engu að síður athyglisvert að ritryrnirinn, sem hefur ekki nýju þolmyndina í sínu máli, telur (i) skárri mál en (27) Það var montað sig (*glaður/*glaðan).

Ef *sig* er veikt fornafn er það ekki fullburða nafnliður heldur einhvers konar minni eining í setningafræðinni. Sú skýring að *sig* sé VF í svona setningum samræmist því þeirri staðreynd að samtengingar ganga helst ekki nema með setningarliðum af sama tagi. Til dæmis gengur vel að tengja saman tvo nafnliði, tvo lýsingarorðsliði eða tvo atviksliði með samtengingunni og en ekki ef liðirnir eru ósamstæðir, t.d. ef um er að ræða lýsingarorðslið og nafnlið, sbr. Chomsky (1957:36). Eftirfarandi dæmi um þetta fyrirbæri í íslensku eru frá Höskuldi Þráinssyni (1979:93).

- (29)a. Jón er [_{NL} kennari] og [_{NL} bóndi].
 b. Jón er [_{LL} stór] og [_{LL} sterkur].
 c. Jón var [_{AtvL} hér] og [_{AtvL} þar].
- (30)a. *Jón er [_{LL} sterkur] og [_{NL} kennari]
 b. *Jón var [_{AtvL} hér] og [_{LL} stór].
 c. *Jón var [_{NL} kennari] og [_{AtvL} þar].

Ef við segjum að *Jón* sé fullburða nafnliður en *sig* sé einhvers konar frábrugðinn persónuþáttaliður þá kemur ekki á óvart að ekki sé hægt að tengja svona liði saman.

- (31) *Svo var drifið [_{PersL} sig] og [_{NL} Jón] á ball.

Rifjum nú upp dæmi (20), *Jón segir að það hafi verið rakað sig*. Eins og kom fram er setningin tvíræð fyrir málhafa sem hafa nýju þolmyndina — við getum ímyndað okkur að Jón hafi sagt annaðhvort *Það var rakað sig* (afturbeygð þolmynd) eða *Það var rakað mig* (nýja þolmyndin). Við höldum því fram að þegar merking (20) væri að *x* hefði rakað *x*, þá væri *sig* VF (afturbeygð þolmynd) en þegar merkingin væri að einhver hefði rakað Jón, þá væri *sig* SF (nýja þolmyndin). Þetta getum við nú sannreynt með fylgiumsögnum og samtengingu, sem við tiltókum hér fyrir ofan sem rök fyrir því að afturbeygða fornafnið í afturbeygðri þolmynd væri VF.

- (32) a. Jón segir að það hafi verið rakað sig fullan.
 b. Jón segir að það hafi verið rakað sig og Guðmund.

Þótt (20) sé tvíræð í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina er mikilvægt fyrir greiningu okkar að (32a) og (32b) eru það ekki. Setningarnar eru eingöngu tækar í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina og þá aðeins með langdrægri afturbeygingu. Í (32a) þýðir þetta að einhver (annar en Jón) rakaði Jón fullan (á meðan Jón var fullur) og í (32b) hafi einhver (annar en Jón) rakað bæði Jón og Guðmund. Þessar setningar, með fylgumsögnum og

samtengingu, eru ótækar í afturbeygðri þolmynd, þ.e. í þeirri merkingu að annars vegar hafi einhver rakað sig meðan sá hinn sami var fullur (x rakaði x og x var fullur) og hins vegar að einhver hafi rakað sig og sá hinn sami hafi jafnframt rakað Guðmund (x rakaði x og y). Þetta styður það sem við höldum hér fram, að *sig* sé VF í afturbeygðri þolmynd (en SF með langdrægri afturbeygingu, svo sem í nýju þolmyndinni).

Hér er rétt að geta nokkurra dæma sem virðast við fyrstu sýn vera gagnðæmi við því sem við höldum hér fram. Við höfum áður nefnt að *sig* sé SF í afbrigðilegri fallmörkun og gerviafturbeygingu enda geta lýsingarorð staðið sem umsagnir með *sig* í þessum setningagerðum. Þar sem málhafar sem eingöngu hafa afturbeygða þolmynd í máli sínu en ekki nýju þolmyndina samþykkja ekki „þolmynd“ þessara gerða er það vísbending um að setningafræði afbrigðileglegrar fallmörkunar og gerviafturbeygingar krefjist annarrar greiningar en setningafræði afturbeygðrar þolmyndar; með öðrum orðum er „þolmynd“ þessara setningagerða ekki afturbeygð þolmynd heldur nýja þolmyndin.

Annars konar dæmi eru sýnd í (33):

- (33) a. Jón lagði sig allan fram.
 b. Páll gerði sig kláran.
 c. Siggí finnur sig knúinn til að mótmæla.

Í (33a) stendur magnliður en ekki lýsingarorðsliður með *sig*. Ekki er augljóst hvernig á að greina þetta, enda er setningafræði magnliða margslungin (sbr. Sportiche 1988), en í það minnsta er þetta öðruvísi gerð en afbrigðileg fallmörkun og gerviafturbeyging. Í (33b) sjáum við fylgiúmsögn með *sig*. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að nota sögn í nafnhætti í þessari setningagerð (**Páll gerði sig vera kláran*) kann að vera að hún sé af svipuðum toga og afbrigðileg fallmörkun. Í (33c) er svo annað dæmi um fylgiúmsögn sem stendur með *sig*. Í þessum dæmum sjáum við að *sig* verður að vera SF; það kann að virðast mótdæmi gegn því að *sig* í afturbeygðri þolmynd sé VF. Hins vegar höldum við því fram að „þolmynd“ dæmanna í (33), sem sýnd er í (34), sé alls ekki afturbeygð þolmynd, heldur geti einungis málhafi nýju þolmyndarinnar myndað þessar setningar.¹⁶

¹⁶ Ritrýnir segist ekki vera viss um (34a–b) séu dæmi um nýju þolmyndina þar sem þessi dæmi séu fyrir honum betri en ótvírad dæmi um nýju þolmyndina. Hann telur svo (34c) verri setningu vegna þess að þar sé enginn gerandi. Þess má geta að ritstjóri segist sammála dómum ritrýnis. Við teljum að þessi dæmi séu sannarlega ný þolmynd en hugsanlegt er að aðrir þættir, s.s. líkindi við afturbeygða þolmynd og það að *allan* er magnliður en ekki lýsingarorðsliður, hafi áhrif á það hversu góð dæmin þykja.

- (34)a. Það var lagt sig allan fram.
 b. Það var gert sig kláran.
 c. Það var fundið sig knúinn til að mótmæla.

Í þessu sambandi er enn fremur rétt að nefna eftirfarandi dæmi frá Jóni Friðjónssyni (1980, sjá einnig Wood 2015):

- (35)a. Hann auglýsti sig sem vísindamaður/vísindamann.
 b. Hann hrósaði sér sem vísindamaður/vísindamanni.
 c. Hann hefndi sín sem vísindamaður/vísindamanns.

(Jón Friðjónsson 1980:104)

Hér má sjá að nafnliðurinn sem kemur á eftir *sem* getur hvort heldur sem er staðið í nefnifalli (og er þá fylgiúmsögn frumlagsins *hann*) eða í sama aukafalli og afturbeygða fornafníð (og virðist þá vera fylgiúmsögn þess). Það er engan veginn augljóst hvernig á að greina setningarliði á borð við *sem vísindamaður/vísindamann* og við gerum ekki tilraun til þess hér. Aftur á móti er mikilvægt að komast að því hvort afturbeygða fornafníð verði að vera sterkt til þess að leyfa nafnlið í sama aukafalli á eftir *sem*, og þá jafnframt hvort „þolmynd“ þessara dæma sé tæk sem afturbeygd þolmynd eða eingöngu sem nýja þolmyndin.

Það er mjög athyglisvert í þessu sambandi að það virðist vera munur á því hvort um *raka*-sagnir er að ræða, eins og í (35), eða skyldubundið afturbeygðar sagnir, eins og í (36):

- (36)a. Hann jafnaði sig sem íþróttamaður/*íþróttamann.
 b. Hann hagaði sér sem alger bjáni/*algerum bjána.
 c. Hann skammaðist sín sem vísindamaður/*vísindamanns.

(sbr. Jón Friðjónsson 1980:106)

Sagnirnar *jafna sig*, *haga sér* og *skammast sín* eru allar með skyldubundna afturbeygingu. Hér er sambeyging afturbeygða fornafnins og nafnliðarins sem kemur á eftir *sem* ótæk. Það kann að stafa af því að afturbeygða fornafníð er hér VF, en ef svo er þá er það SF í (35). Við skoðum þessa setningagerð ekki frekar hér en vert væri að kanna þetta atriði betur í framtíðinni. Rétt er að taka fram að þegar ofangreindar setningagerðir eru bornar saman við afturbeygða þolmynd eru þær til marks um að *sig* getur bæði verið SF og VF í íslensku.

Hér að ofan höfum við rakið að *sig* getur ekki tekið með sér fylgiúmsögnir í afturbeygðri þolmynd og ekki er heldur hægt að tengja *sig* við fullan nafnlið með samtengingu. Þriðju rökin fyrir því að *sig* sé VF í aftur-

beygðri þolmynd byggjast á því að staða *síð* takmarkast ekki af hinni sva-kölluðu ákveðnihömlu (Milsark 1977, Jóhannes Gísli Jónsson 2000, Höskuldur Þráinsson 2007). Ákveðnihamlan lýsir sér þannig að óákveðnir nafnliðir geta ýmist birst fremst eða í stöðu aftar í setningunni, eins og sjá má af dreifingu *einhver maður* í (37); hins vegar geta ákveðnir nafnliðir, þar á meðal fornöfn eins og *hún* í (38), ekki staðið aftarlega í setningunni með leppfrumlagi fremst.

- (37) a. Einhver maður hefur verið skammaður.
 b. Það hefur einhver maður verið skammaður.
 c. Það hefur verið skammaður einhver maður.
- (38) a. Hún hefur verið skömmuð.
 b. *Það hefur hún verið skömmuð.
 c. *Það hefur verið skömmuð hún.

Ef *síð* í afturbeygðri þolmynd væri fullburða fornafn og þar með ákveðinn nafnliður þá myndum við e.t.v. búast við því að þetta fornafn þyrfti að færast í fremsta bús enda enginn annar rökliður í setningunni.¹⁷ Sú er þó ekki raunin því að *síð* getur staðið aftar og verður raunar að vera í stöðu á eftir sögninni *drífa*.¹⁸

- (39) a. *Síg var drífið á ball.
 b. *Það var síg drífið á ball.
 c. Það var drífið síg á ball.

¹⁷ Hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (2010, 2012) er talsverð umræða um nafnliðafærslu og ákveðnihömluna. Þar er því haldið fram að það sé persónuþáttur sem liggja að baki nafnliðafærslu. Við munum ekki ræða hugmyndina um tengsl persónu og ákveðni hér.

¹⁸ Setningin í (39a) er setningafræðilega tvíræð vegna þess að ekki sést hvort *síð* hafi færst í frumlagssæti (rökliðarfærsla) eða hvort fornafnið hafi verið kjarnafært (sjá umræðu um ótæka kjarnafærslu *síð* hjá Jóni Friðjónssyni 1980, Hlíf Árnadóttur o.fl. 2011 og Jóhannesi Gísla Jónssyni 2011). Það skiptir meira máli fyrir greiningu okkar að ekki er hægt að frumlagfæra *síð*. Ástæða þess að ekki er mögulegt að kjarnafæra veika fornafnið *síð* kann að vera önnur en sú að það skorti ákveðniþátt, svo sem sú að kjarnafærsla kallar stundum fram andstæður eða samanburð (sem svo oft kallar á áherslu); í afturbeygðri notkun, sem er t.a.m. skyldubundin með sögninni *monta*, er ekki hægt að bera afturbeygða fornafnið saman við annan þátttakanda:

- (i) a. *Jón montaði síg en ekki Guðmund.
 b. *Síg montaði Jón (en ekki Guðmund).
 c. *Síg var montað (en ekki Guðmund).

Andlagsstökksdæmi á borð við *Bryndis dreif síg ekki* (sjá dæmi (ii-a) í nmgr. 19) sýna að ekki er öll færsla *síð* útilokuð. Eins og áður segir skiptir máli fyrir greiningu okkar á *síð* sem veiku fornafni að rökliðarfærsla þess er ótæk.

Þessi dæmi sýna að *sig* í afturbeygðri þolmynd er ólíkt öðrum fornöfnum að því leyti að það getur staðið aftarlega í setningu sem hefur leppfrumlagið *það* í upphafsstöðu. Ákveðnihamlan á við um liði sem hafa ákveðniþátt og þessi dreifing er skýrð ef *sig* er VF vegna þess að VF hefur ekki ákveðniþátt.

Fjórðu rökin fyrir því að *sig* sé VF í afturbeygðri þolmynd snúa að bindilögumáli A (Chomsky 1981, Sigríður Sigurjónsdóttir 1992, Höskuldur Þráinsson 2007). Bindilögumáli A krefst þess að bindifornafn (e. *anaphor*) hafi setningafræðilegan undanfara. Þó að *Jón* geti rakað einhvern annan, t.d. *Guðmund* í dæmi (40a) hér að neðan, þá getur (40b) aðeins átt við um aðstæður þar sem *Jón* rakar **sjálfan** *sig*.

(40)a. Jón rakaði Guðmund.

b. Jón_i rakaði sig_{i/*j}.

Dæmi (40b) er til marks um að *sig* verði að hafa undanfara sem vísar í sama einstakling, þ.e. að *sig* hegði sér eins og bindifornafn. Þess vegna verða *Jón* og *sig* að vera samvísandi í dæminu. Miðað við þá kröfu að *sig* standi með setningafræðilegum undanfara í dæminu að ofan þá kemur á óvart að *sig* geti verið eini rökliðurinn sem er borinn fram í afturbeygðri þolmynd.

(41) Svo var drifið sig á ball.

Þar sem bindilögumáli A hefur ríkulegt skýringargildi á ýmsum fyrirbærum í mörgum tungumálum er nærtækasta skýringin á þessu fráviki ekki sú að lögumálið sé einfaldlega afsannað. Bindikenningin á að lýsa mögulegum og ómögulegum venslum nafnliða og miðað við ýmis önnur einkenni fornafnsins *sig* í þessari setningagerð liggur beint við að *sig* sé ekki nafnliður hér heldur VF og þar með einhvers konar smágerður persónuþáttliður. Kenningin um að *sig* sé VF skýrir þannig fyrirbrigði sem við fyrstu sýn virðist vera gagnæmi við bindikenningunni.

Fimmtu rökin fyrir því að *sig* sé VF byggja á samanburði við germynd og þá persónuþætti sem birtast á fornafninu þegar sama merking sagnarinnar er notuð í germynd. Í eftirfarandi dæmi merkir *drífa sig* það sama og í dæmum að ofan um afturbeygða þolmynd en munurinn er sá að í germynd er einnig borið fram frumlagið *við*.

(42) Við_i drifum okkur_i á ball.

Í (42) er fornafnið *okkur* samvísandi frumlaginu og samræmist persónuþáttum þess. Þau rök sem hafa verið rædd hér að ofan sýna að *sig* er ekki

eins og önnur fornöfn heldur virðist eitthvað vanta í það. Germyndardæmið í (42) bendir samt ekki til þess að *síg* vanti persónuþætti því að sömu merkingu má bera fram með fornafni sem sýnir persónusamræmi. Miðað við tilgátu Landaus um að VF vanti ákveðniþátt en ekki persónuþætti kemur þessi staðreynd heim og saman við þá tilgátu að það sé ákveðniþátturinn sem greinir milli VF og SF.

Í þessum kafla fórur við yfir ýmsar staðreyndir sem styðja aðgreiningu á veikum og sterkum fornöfnum. Öll haldbær rök hníga til þess að *síg* sé VF í afturbeygðri þolmynd, ólíkt öðrum fornöfnum.¹⁹

4. Setningafræðileg greining afturbeygðrar þolmyndar

Sú tilgáta að hægt sé að skipta afturbeygðum fornöfnum í veik og sterk hefur mjög mikilvægar afleiðingar fyrir setningafræðilega greiningu afturbeygðrar þolmyndar og raunar nýju þolmyndarinnar einnig. Á yfirborðinu eru þessar tvær setningagerðir mjög líkar — svo líkar að eðlilegt er að spurt sé hvort þær séu ein og sama setningagerðin. Það sem fyrst vekur eftirtekt er að þolfalli er hægt að úthluta í þeim báðum til andlags en engu að síður hafa báðar einkenni hefðbundinnar þolmyndar. Þær hafa sögnina *vera* og lýsingarhátt þátíðar og auk þess er gerandinn hvergi sjáanlegur.

Í (43b) er afturbeygð þolmynd, samsvarandi germyndarsetningunni í (43a). Gerandinn í (43a) er *Jón* en hann er hvergi nefndur í (43b). Engu að síður er andlagið í þolfalli.

- (43)a. Jón rakaði sig. (germynd)
 b. Það var rakað sig. (afturbeygð þolmynd)

Svipað er uppi á teningnum í (44). Í germyndarsetningunni (44a) er frumlagið í nefnifalli en andlagið í þolfalli; í samsvarandi þolmyndarsetningu (44b) er engan geranda að finna en nafnliðurinn sem samsvarar þolfalli í

¹⁹ Ritrýnir veltir upp þeim möguleika hvort ekki megi greina *síg* sem ögn frekar en veikt fornafn. Höskuldur Þráinsson ritstjóri bendir aftur á móti á þá staðreynd að *síg/sér/sín* fallbeygist, ólíkt ögnum. Að auki hegðar *síg sér* eins og fornöfn m.t.t. andlagsstökks, ólíkt ögnum, sjá feitletrun í (i)–(iii):

- (i) a. Bryndís hitti þig ekki.
 b. *Bryndís hitti ekki þig.
 (ii) a. Bryndís dreif sig ekki.
 b. *Bryndís dreif ekki sig.
 (iii) a. *Bryndís datt niður ekki.
 b. Bryndís datt ekki niður.

germynd birtist í nefnifalli í þolmynd (gerandann væri þó hægt að nefna í *af*-lið, *Guðmundur var rakaður af Jóni*). Í nýju þolmyndinni varðveitist þolfallið hins vegar, eins og sjá má í (44c).

- (44)a. Jón rakaði Guðmund. (germynd)
 b. Guðmundur var rakaður. (þolmynd)
 c. Það var rakað Guðmund. (nýja þolmyndin)

Úr því að líkindi afturbeygðrar þolmyndar og nýju þolmyndarinnar eru svona mikil, hvað er þá því til fyrirstöðu að telja þær til einnar og sömu setningagerðarinnar? Það sem kemur í veg fyrir það er fyrst og fremst sú staðreynd að þeir sem hafa afturbeygða þolmynd í sínu máli hafa ekki endilega líka nýju þolmyndina. Aftur á móti virðast þeir sem hafa síðar-nefndu setningagerðina í máli sínu einnig almennt hafa afturbeygða þolmynd. Þetta bendir sterkt til þess að við verðum að greina afturbeygða þolmynd á annan hátt en nýju þolmyndina (sbr. Schäfer 2012).

Allnokkrar tilraunir til greiningar á nýju þolmyndinni hafa verið gerðar. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) settu fram þá tilgátu að setningagerðin hefði ósagt fornafn, *for* (SF í því kerfi sem var kynnt að ofan). Slík greining segir að setningagerðin sé í raun germynd og spáir því t.d. að *af*-liðir sem vísa til geranda séu ótækir. Þessari greiningu mótmæltu Þórhallur Eypórsson (2008a) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) (sjá einnig Jóhönnu Barðdal og Molnár 2003 og Hlíf Árnadóttur o.fl. 2011) og færðu rök fyrir því að setningagerðin væri að mestu leyti eins og hefðbundin þolmynd, án setningafræðilegs fornafns í frumlagsstöðu.

Síðar hafa verið settar fram tilgátur sem fara bil beggja að nokkru leyti. Anton Karl Ingason, Legate og Yang (2012, 2013) og Legate (2014, sjá einnig Einar Frey Sigurðsson 2012) halda því fram að VF sé grunnmyndað í frumlagssæti sagnliðarins og við gerum einnig ráð fyrir því í okkar greiningu hér að slíkt fornafn sé hluti af nýrri þolmynd. Þetta veika ósagða fornafn skortir ákveðniþátt sem gerir það t.d. að verkum að *af*-liðir sem vísa til geranda eru tækir í nýrri þolmynd. Þannig er um einhvers konar fornafn að ræða í nýju þolmyndinni, á svipaðan hátt og hjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling (2001a), en það er þó frábrugðið því fornafni sem þær gera ráð fyrir að því leyti að það er veikt en ekki sterkt. Greining Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) er að ýmsu leyti sambærileg greiningu Legate og félagar en hann staðsetur knippi persónuþátta (sem í raun jafngildir VF hjá okkur) í frumlagssæti sagnliðarins. Greining Legate o.fl., sem og greining Halldórs, leiðir út möguleikann á *af*-liðum, sem eru eitt aðaleinkenna þolmyndar, en Þórhallur (2008a) og Jóhannes (2009) héldu

Því einmitt fram að nýja þolmyndin væri í raun þolmynd. Við förum ekki nánar út í þessar mismunandi greiningar á nýju þolmyndinni en vísam lesandanum á þær heimildir sem eru nefndar að ofan. Við teljum hins vegar að til þess að sögn geti úthlutað þolfalli verði viðkomandi setningagerð að hafa frumlag grunnmyndað í frumlagssæti sagnliðarins og við lítum svo á að það sé VF í nýju þolmyndinni.

Víkjum þá aftur að afturbeygðri þolmynd. Ætlun okkar er að setja fram nýja greiningu á henni sem er ólík greiningu nýju þolmyndarinnar og tekur jafnframt mið af tilgátu okkar að afturbeygð fornöfn í afturbeygðri þolmynd séu VF.

Oft hefur því verið haldið fram að afturbeygð fornöfn þurfi setningafræðilegan undanfara sem sé samvísandi við þau. Þannig er *Jón* í setningunni *Jón rakaði sig* setningafræðilegur undanfari *sig* og þessir tveir liðir eru samvísandi. Í setningunni *Það var rakað sig* er enginn sýnilegur undanfari, en það kæmi til greina að setningagerðin innihéldi ósýnilegt SF eða VF, grunnmyndað í frumlagsstöðu sagnliðarins, líkt og við gerum ráð fyrir í nýju þolmyndinni. Með því móti væri einfalt að útskýra úthlutun þolfalls til andlags (sbr. umræðu hér að neðan) og afturbeygingu. Aftur á móti höldum við því fram að það sé hreinlega enginn undanfari í afturbeygðri þolmynd (þannig greinir Schäfer 2012 afturbeygða þolmynd í íslensku og þýsku), en það er einmitt það sem Þórhallur Eypórsson (2008a) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) halda fram fyrir nýju þolmyndina, þ.e. að enginn nafnliður sé grunnmyndaður í frumlagsstöðu sagnliðarins.

Þá má jafnframt skoða nánar tilgátu Þórhalls Eypórssonar (2008a: 209) að greiningu á nýju þolmyndinni, en hún felur í sér að úthlutun þolfalls ráðist af færíbreytu (e. *parameter*) með gildið [\pm þolfall] í tilteknum hlutverkshaus (e. *functional head*). Börn sem eru að læra málið stilla þannig færíbreytuna á [+þolfall] eða [-þolfall] út frá málfræðilegu ílagi (e. *input*) sem þau fá úr máli annarra. Þannig er, samkvæmt þessari hugmynd, munurinn á hefðbundinni þolmynd og nýju þolmyndinni fyrst og fremst sá hvernig færíbreytan er stillt í máli hvers og eins. Hugsanlegt væri að beita sambærilegri hugmynd einnig á afturbeygða þolmynd þótt færíbreytan [\pm þolfall] myndi líklega ekki skýra hvers vegna afturbeyging er leyfð.

Vandamálið er enn til staðar þó að við notumst ekki við hugmyndina um færíbreytur heldur gerum ráð fyrir að nýja þolmyndin innihaldi frumlag fremst í sagnliðnum (hvort heldur VF eða SF) en afturbeygð þolmynd ekki. Í því samhengi vakna þessar spurningar: Af hverju þarf afturbeygða

fornafnið ekki undanfara? Hvernig er þolfalli úthlutað í afturbeygðri þolmynd við þær aðstæður?

Við byrjum á fyrri spurningunni. Við höfum fært fyrir því ýmiss konar rök að afturbeygða fornafnið í afturbeygðri þolmynd sé VF. Við teljum, eins og kom fram hér að framan, að bindilögmál A eigi einungis við um liði með ákveðniþátt eins og SF, en ekki VF. Þar með þurfi VF ekki setningafræðilegan undanfara, þótt þau hafi hann í germynd. Sagnir með skyldubundna afturbeygingu, sem og *raka*-sagnir þegar þær taka einfalda afturbeygða fornafnið *sig*, fela í sér merkingarlega bindingu (sjá formlega útfærslu hjá Þórhalli Eyþórssyni, Antoni Karli Ingasyni og Einari Frey Sigurðssyni 2016). Með því er átt við að það sé innbyggt í þessar sagnir að þemað (eða þolandinn eftir atvikum) verði að vera það sama og gerandinn, þ.e. að ekki sé hægt aðskilja gerandann og þemað.

Nú komum við að úthlutun þolfalls, sem er þekkt úrlausnarefni í setningafræði. Vanalega er litið svo á að einfalda afturbeygða fornafnið sé aðeins til í þolfalli, þágufalli og eignarfalli, en ekki nefnifalli, sbr. *töflu 1*.

nf.	—
þf.	<i>sig</i>
þgf.	<i>sér</i>
ef.	<i>sín</i>

Tafla 1: Beyging einfalda afturbeygða fornafnsins í þriðju persónu.

Í kenningum um fallmörkun er oft talið að ekki sé hægt að úthluta þolfalli ef nefnifall vantar í setninguna.²⁰ Þar með eru setningar í afturbeygðri

²⁰ Þessi alhæfing sem gjarna er kennd við Burzio er reyndar sett fram á ýmsan hátt í fræðunum. Burzio (1986:178) gerir ráð fyrir því að eingöngu sagnir sem úthluta frumlagi merkingarhlutverki geti úthlutað þolfalli. Hjá Woolford (2003) fær andlag nefnifall þegar það er ekkert frumlag sem fær nefnifall. Í kenningu Marantz (1991) er þolfalli úthlutað af V+I, þ.e. sagnhaus og beygingarhaus, og fall þessa nafnliðar er háð falli annars nafnliðar sem V+I stýrir einnig. Hjá Yip, Maling og Jackendoff (1987) er gert ráð fyrir úthlutun nefnifalls og þolfalls frá vinstri til hægri (og að í sumum málum geti fallúthlutun verið frá hægri til vinstri, þ.e. andlagsfall á undan frumlagsfalli). Halldór Ármann Sigurðsson (2003, 2006) gerir svo ráð fyrir að úthlutun formgerðarþolfalls sé eingöngu möguleg í návist nefnifalls. Ritrýnir telur að slíkar hugmyndir eigi ekki vel við um íslensku sem er með sagnir eins og *dreyma* og *vanta*, sem taka þolfallsfrumlag (og þolfallsandlag). Þessi vandi er þó ekki alvarlegur ef gert er ráð fyrir að frumlagi — líka aukafallsfrumlagi — sé úthlutað óhlutbundnu nefnifalli eða ef gripið er til skýringar Woods (væntanlegt) sem setur fram þá tilgátu að öllum þolfallsfrumlögum sé úthlutað formgerðarþolfalli en ósagður hengill ofar í setningagerðinni fái nefnifall.

þolmynd eins og (45) ráðgáta ef *sig* er í þolfalli og enginn setningafræðilegur undanfari í nefnifalli.

(45) Svo var drifið *sig* á ball.

Við stingum því upp á þeim möguleika að *sig* sé ekki eingöngu þolfallsmynd afturbeygða fornafnsins, heldur geti *sig* einnig verið nefnifall þegar um er að ræða veikt afturbeygt fornafn, svo sem í afturbeygðri þolmynd. Ef tilgáta okkar um veika fornafnið *sig* er rétt, þ.e. að þetta fornafn hafi sama form í nefnifalli og þolfalli, þá lítur endurskoðað beygingardæmi út eins og í töflu 2.

nf.	<i>sig</i>
þf.	<i>sig</i>
þgf.	<i>sér</i>
ef.	<i>sín</i>

Tafla 2: Endurskoðað beygingardæmi fyrir *sig* þegar það er VF.

Við fyrstu sýn kann að virðast óvanalegt að afturbeygt fornafn geti verið í nefnifalli en þó eru til dæmi um slíkt; t.d. er til sérstök nefnifallsmynd afturbeygða fornafnsins í forngrísku, 3.p.ft.nf. *spheis*, og er notuð í aukasetningum með vísun í undanfara í móðursetningu (Smyth 1920:305). Enn fremur eru vísbendingar um að sterka afturbeygða fornafnið í íslensku hafi einnig nefnifallsmynd eins og sjá má með því að skoða langdræga afturbeygingu. Eftirfarandi dæmi sýna að í langdrægri afturbeygingu er notað sterkt afturbeygt fornafn sem vísar til baka í frumlag aðalsetningar en fær fall miðað við stöðu sína í aukasetningu.

- (46)a. María_i sagði að *sig*_i vantaði tómatu.
 b. María_i sagði að *sér*_i líkaði vel við Jón.
 c. María_i sagði að *sín*_i væri saknað.

Þegar fallið í aukasetningunni er nefnifall er setningin túlkuð á sama hátt og dæmin að ofan, þ.e. fornafnið er samvísandi frumlagi aðalsetningar. Af setningunum í (46) að dæma eru fornöfnin í (47) í sérstakri stöðu fyrir afturbeygð fornöfn en þau eru samt sem áður borin fram eins og venjuleg persónufornöfn sem ekki eru afturbeygð. Afturbeygða fornafnið *sig* annars vegar og persónufornöfnin *hann*, *hún* og *það* hins vegar hafa því sams konar setningafræðilega stöðu í svona dæmum þrátt fyrir að þau séu vanalega í fyllidreifingu.

- (47)a. María_i sagði að hún_i elskaði Jón.
 b. Jón_i sagði að hann_i elskaði Maríu.
 c. Barnið_i sagði að það_i elskaði systur sína.

Ef *hann*, *hún* og *það* eru í stöðu fyrir afturbeygð fornöfn í setningum sem þessum gæti það verið til marks um að sterka afturbeygða fornafnið hafi einnig nefnifallsmynd þegar á þarf að halda en fá hana að láni frá persónufornöfnum. Endurskoðað beygingardæmi fyrir sterkt *sig* gæti þá verið eins og *tafla 3* sýnir.

nf.	<i>hann/hún/það</i>
þf.	<i>sig</i>
þgf.	<i>sér</i>
ef.	<i>sín</i>

Tafla 3: Endurskoðað beygingardæmi fyrir sig þegar það er SF.

Hér er tilefni til að geta þess að afturbeygð eignarfornöfn eru einnig til marks um það að afturbeyging og nefnifall geti farið saman. Þannig samræmast afturbeygðu eignarfornöfnin hér að neðan nefnifallsnafnorðinu sem þau standa með. Í dæmi (48a) er um að ræða nefnifallsandlag sagnar sem tekur með sér frumlag í þágufalli en (48b) er dæmi um langdræga afturbeygingu.

- (48)a. Maríu líkaði kennarinn **sinn**.
 b. María gerir að nýjasta bókin **sín** verði gefin út síðar á þessu ári.

Afturbeygða fornafnið *sig* er gjarna talið nefnifallslaust en samkvæmt þessum dæmum er ástæðan fyrir því ekki sú að afturbeyging og nefnifall eigi ekki samleið. Skýringin liggur fremur í því að sérstakar setningafræðilegar aðstæður þarf til að nefnifalli sé úthlutað í stöðu þar sem afturbeyging á við. Afturbeygð þolmynd og langdræg afturbeyging eru þá hugsanlega dæmi um setningagerðir þar sem afturbeygt fornafn getur fengið nefnifall.

Ef þessi greining er á réttri leið kann að vera að málhafar hafi tvisvar í málsögu íslenskunnar tekið upp nefnifallsmynd á afturbeygðu fornafni. Annars vegar gerði langdræg afturbeyging það að verkum að sterkt afturbeygt fornafn kom fyrir í stöðu þar sem nefnifalli var úthlutað og þá var form persónufornafnsins fengið að láni. Hins vegar varð afturbeygð þolmynd til þess að veikt afturbeygt fornafn kom fyrir í stöðu þar sem nefni-

falli var úthlutað. Persónufornöfn komu ekki til greina fyrir veikt *síg* enda eru persónufornöfn með ákveðniþátt. Málhafar útvíkkuðu þess í stað notkunarsvið þolfallsmyndarinnar *síg* og sú mynd er notuð þegar veikt afturbeygt fornafn krefst nefnifalls.

5. Niðurlag og framtíðarsýn

Í þessari grein skoðuðum við afturbeygða þolmynd í íslensku og færðum rök fyrir því að fornafnið *síg* í þessari setningagerð sé veikt fornafn í skilningi Landaus (2010). Í stuttu máli eru rökin sem hér segir. Í fyrsta lagi getur fylgiúmsögn ekki staðið með afturbeygða fornafninu í afturbeygðri þolmynd. Það bendir til þess að fornafnið skorti ákveðniþátt. Í öðru lagi gengur ekki að tengja saman *síg* og fullburða nafnlið. Það gefur til kynna að *síg* hafi ekki sömu formgerð og fullburða nafnliður enda gengur venjulega illa að tengja saman setningarliði af ólíkri gerð. Í þriðja lagi hegðar *síg* sér ekki eins og ákveðinn liður með tilliti til ákveðnihömlunnar. Við höldum því fram að það sé vegna þess að *síg* í afturbeygðri þolmynd skorti ákveðniþátt. Í fjórða lagi virðist afturbeygð þolmynd fara í bága við Bindilögmál A. Það að setningagerðin sé tæk í máli margra málhafa teljum við til marks um að Bindilögmál A eigi ekki við um veik fornöfn eins og *síg* í afturbeygðri þolmynd. Í fimmta og síðasta lagi sýna germyndardæmi á borð við *Við drifum okkur á ball* að afturbeygða fornafnið hefur persónuþætti (hér 1.p.ft.) og því hlýtur hér að vanta einhvern annan þátt; við höfum leitt að því líkur að það sé einmitt áður nefndur ákveðniþáttur. Þessi niðurstaða er áhugaverð vegna þess að kenning Landaus um veika og sterka rökliði er upprunalega sett fram til þess að skýra muninn á fornöfnum sem ekki eru borin fram en sú aðgreining á sýnilegum fornöfnum sem var til athugunar í þessari grein kemur vel heim og saman við kenningu hans.

Ýmsar spurningar vakna í kjölfar þessarar niðurstöðu. Afturbeygða þolmynd er einnig að finna í þýsku (Schäfer 2012, Alexiadou o.fl. 2015) og við vonumst til að geta kannað í framtíðinni hvort þýska afturbeygða fornafnið *sich* hefur sömu eiginleika og *síg* í íslensku. Slíkt myndi ríma ágætlega við hugmyndir hjá Cardinaletti og Starke (1996:59–60) um að *sich* sé ekki alltaf fullburða fornafn. Þessi setningagerð kemur aftur á móti ekki fyrir í öllum málum sem hafa ópersónulega þolmynd. Hollenska og norska hafa t.d. ekki afturbeygða þolmynd þó að þær hafi ópersónulega þolmynd. Schäfer (2012) stingur upp á að þessi munur á málunum stafi af ólíku kerfi fyrir samræmi og persónubeygingu en ef okkar greining er

rétt gæti einnig verið að afturbeygð fornöfn hafi alltaf ákveðniþátt í hol- lensku og norsku. Við vonumst enn fremur til að geta rannsakað í fram- tíðinni hvort og að hvaða leyti aðgreining Landaus samsvarar öðrum hug- myndum um flokkun sýnilegra fornafna. Til dæmis væri áhugavert að bera þessa skiptingu saman við veik og sterk fornöfn í skilningi Cardina- letti og Starkes (1996) sem og þá skiptingu nafnliða og afturbeygðra for- nafna sem er sett fram hjá Déchaine og Wiltschko (2002, 2012).

HEIMILDIR

- Alexiadou, Artemis, Elena Agnostopoulou og Florian Schäfer. 2015. *External Arguments in Transitivity Alternations*. Oxford University Press, Oxford.
- Anton Karl Ingason, Julie Anne Legate og Charles Yang. 2012. Structural and Evolu- tionary Basis of the Icelandic New Impersonal Passive. Erindi flutt á ráðstefnunni Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families. Stability, Variation and Change, Háskóla Íslands, 7. júní.
- Anton Karl Ingason, Julie Anne Legate og Charles Yang. 2013. The Evolutionary Trajec- tory of the Icelandic New Passive. *U. Penn Working Papers in Linguistics* 19(2):91– 100.
- Auður Sif Sigurgeirsdóttir. 2009. *Svo var bara drifið sig á ball! Um málbreytingar í íslensku máli og nýju þolmyndina í máli 40 reykvískra kvenna*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/3985>
- Ásbjörg Benediktsdóttir. 2008. *Nýja þolmyndin. Fyrsta þolmyndun barna?* B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/3268>
- Burzio, Luigi. 1986. *Italian Syntax. A Government-Binding Approach*. Reidel, Dordrecht.
- Cardinaletti, Anna og Michal Starke. 1996. Deficient Pronouns. A View from Germanic. A Study in the Unified Description of Germanic and Romance. Höskuldur Þráins- son, Samuel David Epstein og Steve Peter (ritstj.): *Studies in Comparative Germanic Syntax II*, bls. 21–65. Kluwer, Dordrecht.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Haag, Mouton.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris, Dordrecht.
- Déchaine, Rose-Marie og Martina Wiltschko. 2002. Decomposing Pronouns. *Linguistic Inquiry* 33:409–442.
- Déchaine, Rose-Marie og Martina Wiltschko. 2012. The Heterogeneity of Reflexives. Handrit. Aðgengilegt á netinu: <http://ling.auf.net/lingbuzz/001665>
- Einar Freyr Sigurðsson. 2010. Nýja þolmyndin og hringurinn sem mér var gefið. *Nokkrar handlínur bróðeraðar handa Kristínu Bjarnadóttur sextugri 9. janúar 2010*, bls. 22–26. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2012. *Germýnd en samt þolmynd. Um nýju þolmyndina í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/12876>
- Einar Freyr Sigurðsson og Brynhildur Stefánsdóttir. 2014. 'By'-Phrases in the Icelandic New Impersonal Passive. *U. Penn Working Papers in Linguistics* 20(1):311–320.
- Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson. 2010. „Það var fengið sér

- (annan) öllara.“ Undirföru undanfari. Erindi flutt á 30. Rask-ráðstefnunni, Háskóla Íslands, Reykjavík, 30. janúar.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. Af lýsingarorðsviðurlögum. *Íslenskt mál* 6:57–80.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Null Objects in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 367–379. Academic Press, San Diego.
- Everaert, Martin. 1986. *The Syntax of Reflexivization*. Foris, Dordrecht.
- Everaert, Martin. 1991. Contextual Determination of the Anaphor/Pronominal Distinction. Long Distance Anaphora. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long Distance Anaphora*, bls. 49–76. Cambridge University Press, Cambridge.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic. In a Comparative GB Approach*. Doktorsritgerð, Lundarháskóla, Lundi. [Endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2003. Case: Abstract vs Morphological. Ellen Brandner og Heike Zinzmeister (ritstj.): *New Perspectives on Case Theory*, bls. 223–268. Center for the Study of Language and Information, Stanford.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Nom/Acc Alternation in Germanic. Jutta Hartmann og Laszlo Molnarfi (ritstj.): *Issues in Comparative Germanic Syntax*, bls. 13–50. John Benjamins, Amsterdam.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2010. On EPP Effects. *Studia Linguistica* 64(2):159–189.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2011. On the New Passive. *Syntax* 14(2):148–178.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2012. Minimalist C/case. *Linguistic Inquiry* 43(1):191–227.
- Helgi Bernódsson. 1982. *Ópersónulegar setningar*. Kandidatsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1991. Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18–22.
- Hlíf Árnadóttir. 2008. To Passively Get Oneself Something. On Ditransitive Reflexive Passive in Icelandic. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2008. The Glory of Non-Agreement. The Rise of a New Passive. Erindi flutt á ráðstefnunni Nordic Network for Intercultural Communication. Reykjavík, 6. desember.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2012. Another New Passive in Icelandic. Erindi flutt á ráðstefnunni Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families. Stability, Variation and Change. Íslandi, 7. júní.
- Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson. 2011. The Passive of Reflexive Verbs in Icelandic. *Nordlyd* 37:39–97.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 1991. Long-Distance Reflexives and the Typology of NPs. Jan Koster og Eric Reuland (ritstj.): *Long-Distance Anaphora*, bls. 49–75. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 1994. Icelandic. Ekkehard König og Johan van der Auwera (ritstj.): *The Germanic Languages*, bls. 149–162. Routledge, London.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gíslí Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. The New Impersonal/The New Passive in Icelandic. The

- Delay of the S-Curve. Veggspjald kynnt á DiGS 17, Háskóla Íslands, Reykjavík, 29.–31. maí 2015.
- Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson. 2015. Um þolmynd, germynd og það. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenski setningagerð* 2, bls. 77–120. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iðunn Garðarsdóttir. 2012. „Það var rosa mikið hrósað henni.“ *Virkni nýju setningagerðarinnar í máli barna á yngsta stigi grunnskóla*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/11549>
- Ingunn Hreinberg Indriðadóttir. 2014. *Er búin mjólkinn? Hamla ákveðins nafnliðar og tengsl hennar við nýju setningagerðina*. M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/17762>
- Jóhanna Barðdal. 2015. Icelandic Valency Classes. Oblique Subjects, Oblique Ambitransitives and the Actional Passive. Andrej Malchukov og Bernard Comrie (ritstj.): *Valency Classes in the World's Languages* 1. Introducing the Framework, and Case Studies from Africa and Eurasia, bls. 367–416. De Gruyter.
- Jóhanna Barðdal og Valéria Molnár. 2003. The Passive in Icelandic – Compared to Mainland Scandinavian. Jorunn Hetland og Valéria Molnár (ritstj.): *Structures of Focus and Grammatical Relations*, bls. 231–260. Niemeyer, Tübingen.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2000. Definites in Icelandic Existentials. Guðrún Þórhallsdóttir (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 10, bls. 125–134. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The New Impersonal as a True Passive. Artemis Alexiadou, Jorge Hankamer, Thomas McFadden, Justin Nuger og Florian Schäfer (ritstj.): *Advances in Comparative Germanic Syntax*, bls. 281–306. John Benjamins, Amsterdam.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2011. Reflexive sig is an Argument. *Nordlyd* 37:99–118.
- Jón Friðjónsson. 1980. Sambeyging með afturbeygðum sögnum. *Íslenskt mál* 2:97–117.
- Kayne, Richard S. 1975. *French Syntax. The Transformational Cycle*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Krístín M. Valgarðsdóttir. 2007. *Polmynd og aftur þolmynd. Skilningur barna á nokkrum setningagerðum í íslensku*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Landau, Idan. 2010. The Explicit Syntax of Implicit Arguments. *Linguistic Inquiry* 41:357–388.
- Legate, Julie Anne. 2014. *Voice and v. Lessons from Acehnese*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Levin, Beth, og Malka Rappaport Hovav. 1995. *Unaccusativity. At the Syntax-Lexical Semantics Interface*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Maling, Joan. 2006. From Passive to Active. Syntactic Change in Progress in Icelandic. Benjamin Lyngfelt og Torgrim Solstad (ritstj.): *Demoting the Agent. Passive, Middle and Other Voice Phenomena*, bls. 197–223. John Benjamins, Amsterdam.
- Maling, Joan. 2010. Unpassives of Unaccusatives. Donna B. Gerds, John C. Moore og Maria Polinsky (ritstj.): *Hypothesis A / Hypothesis B. Linguistic Explorations in Honor of David M. Perlmutter*, bls. 275–292. MIT Press, Cambridge, MA.
- Maling, Joan, Anthony Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2011. Nothing Personal? A Systeminternal Syntactic Change in Icelandic. Erindi flutt á DGfS 33 í málstofunni Comparative Germanic Syntax and the Challenge from Icelandic. Göttingen, 24. febrúar.

- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 1997. The “New Passive” in Icelandic. Elizabeth Hughes, Mary Hughes og Annabel Greenhill (ritstj.): *Proceedings of the 21st Annual Boston University Conference on Language Development 2*, bls. 378–389. Cascadilla Press, Somerville, MA.
- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. The ‘New Impersonal’ Construction in Icelandic. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5:97–142.
- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2012. Syntactic Change in Progress. The Icelandic “New Construction” as an Active Impersonal. Peter Ackema, Rhona Alcorn, Caroline Heycock, Dany Jaspers, Jeroen van Craenenbroeck og Guido Vanden Wyngaerd (ritstj.): *Comparative Germanic Syntax. The State of the Art*, bls. 249–278. John Benjamins, Amsterdam.
- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2013. Nothing Personal? A System-internal Syntactic Change in Icelandic. Tracy H. King og Valeria de Paiva (ritstj.): *From Quirky Case to Representing Space. Papers in Honor of Annie Zaenen*, bls. 109–126. CSLI Publications, Stanford.
- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2015. From Passive to Active. Stages in the Icelandic New Impersonal. Theresa Biberauer og George Walkden (ritstj.): *Syntax Over Time. Lexical, Morphological, and Information-Structural Interactions*, bls. 36–53. Oxford University Press, Oxford.
- Marantz, Alec. 1991. Case and Licensing. German F. Westphal, Benjamin Ao og Hee-Rahk Chae (ritstj.): *Proceedings of ESCOL '91*, bls. 234–253. The Ohio State University, Department of Linguistics, ESCOL Publication Committee, Columbus.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2002. *Málkunnáttufreði og málbreytingar*. Mál og menning, Reykjavík. [Tilraunautgáfa byggð á M.A.-ritgerð höfundar frá árinu 2000.]
- Milsark, Gary. 1977. Toward an Explanation of Certain Peculiarities of the Existential Construction in English. *Linguistic Analysis* 3:1–29.
- Perlmutter, David M. 1978. Impersonal Passives and the Unaccusative Hypothesis. *Proceedings of the Fourth Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society (BLS 4)*, bls. 157–189. University of California Press, Berkeley.
- Reinhart, Tanya, og Eric Reuland. 1993. Reflexivity. *Linguistic Inquiry* 24(4):657–720.
- Schäfer, Florian. 2012. The Passive of Reflexive Verbs and its Implications for Theories of Binding and Case. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 15:213–268.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 1992. *Binding in Icelandic. Evidence from Language Acquisition*. Doktorsritgerð, UCLA, Los Angeles.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 636–655. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. Væntanlegt. Nýja þolmyndin nú og þá. Samanburður tveggja kannana. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð 3*. Málvisindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Nina Hyams. 1992. Reflexivization and Logophoricity. Evidence from the Acquisition of Icelandic. *Language Acquisition* 2(4):359–413.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Iris Nowenstein. 2015. Passives and the “New Impersonal Construction” in Icelandic Language Acquisition. Erindi flutt á GALANA 6, University of Maryland, College Park, 19. febrúar.

- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001a. Það var hrint mér á leiðinni í skólann. Þolmynd eða ekki þolmynd. *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001b. Ný setningafræðileg breyting? Um hina svokölluðu „nýju þolmynd“ í íslensku. *Málfregnir* 11:31–42.
- Simpson, Jane. 1983. Resultatives. Lori Levin, Malka Rappaport og Annie Zaenen (ritstj.): *Papers in Lexical-Functional Grammar*, bls. 143–157. Indiana University Linguistics Club, Bloomington.
- Smyth, Herbert Weir. 1920. *A Greek Grammar for Colleges*. American Book Company, New York.
- Sportiche, Dominique. 1988. A Theory of Floating Quantifiers and its Corollaries for Constituent Structure. *Linguistic Inquiry* 19:425–449.
- Whelpton, Matthew. 2011. Building Resultatives in Icelandic. Raffaella Folli og Christiane Ulbrich (ritstj.): *Researching Interfaces in Linguistics*, bls. 96–115. Oxford University Press, Oxford.
- Whelpton, Matthew. 2012. Hugræn merkingarfræði og útkomusetningar. *Ritið* 3/2012: 145–162.
- Whelpton, Matthew, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson. 2013. Grammatical Change in Real Time? The New Impersonal/Passive in Icelandic. Erindi flutt á Scandinavian Conference of Linguistics 25, Háskóla Íslands, Reykjavík, 13.–15. maí.
- Wood, Jim. 2015. *Icelandic Morphosyntax and Argument Structure*. Springer, Dordrecht.
- Wood, Jim. Væntanlegt. The Accusative Subject Generalization. *Syntax*.
- Woolford, Ellen. 2003. Burzio's Generalization, Markedness, and Locality Constraints on Nominative Objects. Ellen Brandner og Heike Zinzmeister (ritstj.): *New Perspectives on Case Theory*, bls. 299–327. Center for the Study of Language and Information, Stanford.
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in Tiers. *Language* 63(2):217–250.
- Þórhallur Eypórsson. 2008a. The New Passive in Icelandic Really is a Passive. Þórhallur Eypórsson (ritstj.): *Grammatical Change and Linguistic Theory. The Rosendal Papers*, bls. 173–219. John Benjamins, Amsterdam.
- Þórhallur Eypórsson. 2008b. Stöðugleiki og breytingar í fallakerfi norrænu eyjamálanna. *Frændafundur* 6:75–93.
- Þórhallur Eypórsson. 2012. Varðveisla falla í þolmynd í íslensku og færeysku — ásamt nokkrum samanburði við norsku og ensku. *Frændafundur* 7:109–126.
- Þórhallur Eypórsson, Anton Karl Ingason og Einar Freyr Sigurðsson. 2016. Explicit Realization of Weak Arguments. *Proceedings of the 46th Meeting of the North East Linguistic Society (NELS 46, 1. bindi)*, bls. 277–286. GLSA, University of Massachusetts, Amherst.

SUMMARY

‘Weak pronouns in the reflexive passive’

Keywords: weak arguments, pronouns, reflexive passive, definiteness, Icelandic

This paper examines the Icelandic reflexive passive and argues that the reflexive pronoun *sí* in this construction is a weak argument in the sense of Landau (2010), lacking a definiteness feature. Several pieces of evidence support this conclusion. First, the pronoun in the reflexive passive is not compatible with a secondary predicate. This suggests that this pronoun does not contain a definiteness feature. Second, *sí* cannot be conjoined with a full DP. This is evidence that *sí* is not a full DP because different types of phrases are often difficult to conjoin. Third, the distribution of the weak pronoun *sí* is not constrained by the Definiteness Effect, another sign that *sí* lacks a definiteness feature. Fourth, the reflexive passive seems to violate Binding Principle A. The fact that the construction is nevertheless acceptable for many speakers suggests that weak pronouns like *sí* are exempt from Binding Principle A. Finally, when a corresponding pronoun has an antecedent in the active voice (cf. *okkur* in (42)), it manifests overt person and number agreement with the antecedent. This means that whatever is missing from the weak pronoun, compared to a strong pronoun, it does not lack ϕ -features. In our analysis the missing element in the weak pronoun is the definiteness feature. Our findings are interesting because they suggest that the weak/strong argument distinction which Landau proposed for covert pronouns is also found in overt elements.

Anton Karl Ingason
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
antoni@hi.is

Þórhallur Eyþórsson
Deild erlendra tungumála, bókmennta
og málvísinda
Háskóla Íslands
Nýja-Garði
101 Reykjavík
tollli@hi.is

Einar Freyr Sigurðsson
Department of Linguistics
University of Pennsylvania
619 Williams Hall
255 S 36th Street, Philadelphia
PA 19104-6305, USA
einarsig@ling.upenn.edu